



Reykjavík, 14. maí 2019

## Hagnaður TM á fyrsta ársfjórðungi nam 433 milljónum króna.

Á stjórnarfundum þann 14. maí 2019 samþykkti stjórn og forstjóri TM fyrsta árshlutauppgjör félagsins fyrir árið 2019. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Mjög góð afkoma á fyrsta fjórðungi skýrist fyrst og fremst af góðri ávöxtun eignasafns TM. Ávöxtun fjárfestingaeigna nam 3,3% á fjórðungnum og var verulega umfram okkar væntingar. Samsett hlutfall var 107,5% og lækkar um rúm tvö prósentustig frá fyrra ári vegna lækkunar á kostnaðarhlutfalli. Ánægjulegt er að sjá hversu vel gengur að halda rekstrarkostnaði í hófi og gerum við ráð fyrir að kostnaðarhlutfall ársins verði 19%. Það eru ákveðin vonbrigði að tjónshlutfallið skuli ekki lækka á milli ára en rekstrarspá félagsins gerir enn ráð fyrir 97% samsettu hlutfalli á árinu 2019. Vegna góðrar ávöxtunar á fyrsta ársfjórðungi og það sem af er öðrum ársfjórðungi hefur rekstrarspá ársins verið uppfærð og gerum við nú ráð fyrir að hagnaður ársins fyrir skatta verði 2,8 milljarðar.“

### Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs 2019 voru eftirfarandi:

	1F 2019	1F 2018	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	3.814	3.787	27	0,7%
Fjárfestingatekjur	952	738	214	29,0%
Aðrar tekjur	8	8	0	5,9%
<b>Heildartekjur</b>	<b>4.774</b>	<b>4.532</b>	<b>242</b>	<b>5,3%</b>
Eigin tjón	(3.317)	(3.294)	(23)	0,7%
Rekstrarkostnaður	(893)	(976)	83	( 8,5% )
Fjármagnsgjöld	(51)	(50)	(1)	2,1%
Virðisrýrnun fjáreigna	(59)	49	(108)	( 220,8% )
<b>Heildargjöld</b>	<b>(4.320)</b>	<b>(4.271)</b>	<b>(49)</b>	<b>1,2%</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	454	261	192	73,7%
Tekjuskattur	(21)	28	(49)	( 174,3% )
<b>Hagnaður (tap)</b>	<b>433</b>	<b>289</b>	<b>144</b>	<b>49,7%</b>

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

### **Samsett hlutfall á fyrsta ársfjórðungi var 107,5%.**

Afkoma TM á fyrsta ársfjórðungi 2019 var nokkuð betri en á sama tímabili árið áður og samsett hlutfall var 107,5% samanborið við 109,8% árið 2018. Rekstrarspá félagsins gerði ráð fyrir að samsett hlutfall á tímabilinu yrði 105%. Samsett hlutfall TM síðustu 12 mánuði er 103,5% og spár gera ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2019 verði um 97%.

Afkoma af eignatryggingum og slysatryggingum batnar milli ára á meðan afkoma af ökutækjatryggingum, sjótryggingum og ábyrgðartryggingum hefur þróast til verri vegar. Eigin iðgjöld vaxa um 0,7% á milli ára og eigin tjón hækka sömuleiðis um 0,7%. Hagnaður TM á fyrsta ársfjórðungi nam 433 m.kr. eftir skatta, samanborið við 289 m.kr. á sama tímabili 2018, og framlegð af váttryggingastarfsemi var neikvæð um 287 m.kr.

Kostnaðarhlutfall félagsins á fyrsta ársfjórðungi var 20,5% samanborið við 22,8% á sama tímabili 2018. Kostnaðarhlutfall síðustu 12 mánuði er 19,4% og gert er ráð fyrir að kostnaðarhlutfall næstu 12 mánuði verði um 19%.

### **Góð ávöxtun af fjárfestingum á fyrsta ársfjórðungi.**

Fjárfestingatekjur námu 952 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2019 sem jafngildir 3,3% ávöxtun. Mjög góð afkoma var af óskráðum hlutabréfum og ágætis ávöxtun af skuldabréfum. Skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir skiluðu hins vegar slakri afkomu.

Markaðsvísitala Gamma hækkaði um 6,8% á fjórðungnum. Lægri ávöxtun eignasafns TM skýrist að mestu leyti af verri ávöxtun af skráðum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum sem lækkuðu um 2,8% á tímabilinu. Hlutabréfavísitala Gamma hækkaði hins vegar um 14,1% sem skýrist nánast að öllu leyti af Marel, langstærsta skráða félaginu á markaði, sem hækkaði um 46% á fjórðungnum. TM naut þessarar hækunar á Marel í gegnum óskráða hlutabréfaeign sína í Eyri.

Fjárfestingatekjur á fyrsta ársfjórðungi voru töluvert umfram spá sem gerði ráð fyrir 525 m.kr. tekjum. Þar að auki hefur þróun á mörkuðum verið hagfelld það sem af er öðrum fjórðungi. Þetta hefur þau áhrif að spá fyrir fjárfestingatekjur á árinu 2019 hefur verið hækkuð úr 2.538 m.kr. í 3.043 m.kr.

### **Lykiltölur fyrsta ársfjórðungs 2019 voru eftirfarandi:**

	<b>1F 2019</b>	<b>1F 2018</b>
Hagnaður á hlut (kr.)	0,64	0,43
Arðsemi eigin fjár (m.v. 12m)	14,1%	9,0%
Eiginfjárlutfall	32,1%	33,3%
Handbært fé frá rekstri	1.215	761
<b>Váttryggingastarfssemi</b>		
Tjónshlutfall	87,0%	87,0%
Kostnaðarhlutfall	20,5%	22,8%
Samsett hlutfall	107,5%	109,8%
Rekstrarafkoma	(215)	(114)
Framlegð	(287)	(371)
<b>Fjárfestingar</b>		
Ávöxtun fjáreigna	3,3%	2,6%

Fjárhæðir eru í milljónum króna

## Rekstrarspá.

Rekstrarspá félagsins gerir ráð fyrir að hagnaður ársins fyrir tekjuskatt verði 2.803 m.kr. og samsett hlutfall verði 97%. Næstu fjóra fjórðunga gerir spáin ráð fyrir að samsett hlutfall verði 96%, framlegð váttrygginga verði 585 m.kr. og ávöxtun fjáreigna verði 8,9%.

	2F 2019	3F 2019	4F 2019	1F 2020	Samtals	S 2019	2018	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	3.914	4.107	4.016	4.007	16.044	15.851	15.648	203	1%
Fjárfestingar og aðrar tekjur	853	523	736	564	2.676	3.073	1.868	1.205	65%
<b>Heildartekjur</b>	<b>4.768</b>	<b>4.630</b>	<b>4.752</b>	<b>4.571</b>	<b>18.721</b>	<b>18.924</b>	<b>17.516</b>	<b>1.408</b>	<b>8%</b>
Eigin tjón	(2.984)	(3.039)	(3.055)	(3.405)	(12.484)	(12.395)	(13.136)	741	(6%)
Rekstur og annar kostnaður	(941)	(866)	(915)	(911)	(3.633)	(3.726)	(3.680)	(46)	1%
<b>Heildargjöld</b>	<b>(3.925)</b>	<b>(3.905)</b>	<b>(3.971)</b>	<b>(4.316)</b>	<b>(16.117)</b>	<b>(16.121)</b>	<b>(16.816)</b>	695	(4%)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>842</b>	<b>725</b>	<b>781</b>	<b>255</b>	<b>2.604</b>	<b>2.803</b>	<b>700</b>	<b>2.103</b>	<b>300%</b>

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

	2F 2019	3F 2019	4F 2019	1F 2020	Samtals	S 2019	2018
<b>Váttryggingastarfssemi</b>							
Tjónshlutfall	76%	74%	76%	85%	78%	78%	84%
Kostnaðarhlutfall	20%	17%	18%	19%	19%	19%	20%
Samsett hlutfall	96%	91%	95%	104%	96%	97%	104%
Framlegð	154	356	220	(145)	585	443	(609)
<b>Fjárfestingar</b>							
Ávöxtun fjáreigna	2,8%	1,7%	2,4%	1,7%	8,9%	10,6%	6,6%

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

## Kynningarfundur kl. 16:15 þriðjudaginn 14. maí.

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi þann 14. maí kl. 16:15. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar kynnir Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörið og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins, TM.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Hægt er að fylgjast með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/502662037>

## Fjárhagsdagatal 2019.

- 2. ársfjórðungur: 22. ágúst.
- 3. ársfjórðungur: 23. október.
- 4. ársfjórðungur: 13. febrúar 2020.
- Aðalfundur 2020: 12. mars 2020.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

s: 515-2609.  
sigurdur@tm.is.